

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu.

Frá Merði Árnasyni.

1. 2. gr. orðist svo:
  2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Embætti landlæknis.*

Starfrækja skal embætti landlæknis undir yfirstjórn velferðarráðherra. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.
- Landlæknir ber ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins.
2. Í stað orðanna „Landlækni – lýðheilsu“ í 3. efnismgr. 4. gr., b-lið 6. gr., b-lið 29. gr. og hvarvetna í 31. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd: landlæknir.
3. B-liður 3. gr., a- og c-liður 7. gr., 8. og 9. gr., a-c- og f-h-liður 10. gr., 11.–14. gr., 16.–23. gr., 30. gr. og a- og d-liður 31. gr. falli brott.
4. Við 4. gr.
  - a. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í inngangsmálslið 1. mgr., 2. mgr. og fyrirsögn greinarinnar; og í 2. másl. 1. mgr. a-liðar 6. gr., b-lið 7. gr. og e-lið 10. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd: landlæknir.
  - b. Í stað orðsins „stofnunarinnar“ í a- og m-lið 1. mgr. og 3. mgr.; og í 1. másl. 1. mgr. a-liðar 6. gr., og 1. og 4. mgr. b-liðar 6. gr. komi, í viðeigandi beygingarmynd: embættið.
  - c. Í stað orðsins „stofnuninni“ í n-lið 1. mgr. komi: honum.
5. 24. gr. orðist svo:

Við löggin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

  - a. (I.)

Öll störf hjá Lýðheilsustöð eru lögð niður frá 1. maí 2011. Starfsmönnum Lýðheilsustöðvar skal boðið starf hjá landlæknisembættinu frá og með sama tíma. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.
  - b. (II.)

Embætti landlæknis tekur frá 1. maí 2011 við eignum Lýðheilsustöðvar sem og réttindum og skyldum hennar að því er varðar framkvæmd þeirra laga sem falla undir málefnasvið hennar á þeim tíma.
6. Við fyrirsögn frumvarpsins. Orðin „vegna nýrrar stofnunar, Landlæknis – lýðheilsu“ falli brott.